

Mál nr. 103/2007

M
og
Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar

Ágreiningur um hvort rekja megi skemmdir á bifreið til áaksturs á
ballest á bílaplani þann 25.06. 2006

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.05. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.05. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. Vátryggingafélagið hafnar því að tjón á bifreið M megi rekja til atburðar sem bótaskyldur er samkvæmt skilmálum kaskótryggingar.

Bifreiðinni var að sögn M ekið um bílastæði og á ballest sem skilin hafði verið eftir. Undirvagn bifreiðarinnar mun hafa skemmst við óhappið.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu. Hann telur að um áakstur hafi verið að ræða sem bótaskyldur sé samkvæmt skilmálum.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Fyrirliggjandi séu tvær tjónstilkynningar sem báðar séu dagsettar 27. júlí 2006. Önnur vísi til tjóns sem varð 18. júlí 2006 hin til tjóns sem varð 25. júní sama ár sbr. nánar umfjöllun félagsins, sem óþarft er að geta. Félagið telur mikinn vafa leika á því að atvik máls þess sem fjallað er um í málskotinu hafi viljað til með þeim hætti sem vátryggingartaki heldur fram. Það telur atvikið ósannað. Ómögulegt sé að sjá hvernig bifreiðin, sem liggur tiltölulega lágt, á að hafa komist upp á ballestina án þess að valda tjóni nema á undirvagni og felgu. Ekki sé að sjá ákomu á framhlið bifreiðarinnar. Félagið telur að leggja beri til grundvallar að tjónið hafi allt orðið við akstur á ósléttum vegi þegar ökutækið tók niðri þann 18. júní sl.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. röksemdafærslu vátryggingafélagsins er ósannað að tjón á bifreiðinni sé bótaskyldt samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Miðað við takmörkuð gögn máls þessa er ekki unnt að leggja til grundvallar að tjón það sem krafist er bóta fyrir megi rekja til áaksturs á þá ballest sem um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. júní 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.